

24. tbl.  
14. jún. 2023  
30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## Hátíðarhöld í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga

Hátíðarhöld í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga verða haldin í Skjólbrekku stundvíslega kl. 14

Boðið verður upp á andlitsmálningu fyrir börn og hefst hún kl. 13:30

Hátíðardagskrá verður með hefðbundnu sniði og síðan verður boðið upp á kaffi og meðlæti.

Veðurspá er góð fyrir daginn og því tilvalið að setjast aðeins inn og kæla sig

Kvenfélag Mývatnssveitar



## Viðtalstímar sveitarstjórnarfulltrúa.

Sveitastjórnarfulltrúar hafa ákveðið að hafa opna viðtalstíma þar sem íbúum gefst kostur á að koma og ræða málefni sem snerta sveitarfélagið.

Fyrsti fundurinn verður haldinn að Hlíðavegi 6, Reykjahlíð **20. júní nk. frá kl. 16-18.**

Á fundinum verða sveitarstjórnarfulltrúarnir Gerður Sigtryggisdóttir oddviti, Knútur Emil Jónasson varaoddviti og Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir.

Í ágúst verða opnir viðtalstímar á Stórutjörnum og Ýdölum, tímasetning verður auglýst síðar.

Sveitarstjórn hvetur íbúa til að notafæra sér þessa viðtalstíma.



## Sundlaug Stórutjarnaskóla

Verður opin á mánudagskvöldum frá 19:30 til 21:30

og á fimmtudagskvöldum 19:30 til 21:30 til 13. júlí.

Verið velkomin

17. júní á Grenjadarstað í Aðaldal

# FJALLKONAN FRÍÐ

**Hver er hún, hvaðan kom hún og hvert stefnir hún?**

Anna Karen Unnsteins þjóðfræðingur og safnvörður á Grenjadarstað flytur erindi um fjallkonuna og skautbúninginn/kyrtilinn sem hún klæðist. Einnig sýnum við nokkra kvenbúninga og íhluti þeirra. Sýningin verður tekin niður að kvöldi 18. júní.

*Verið velkomin!*

Viðburðurinn  
hefst kl. 14:30

Frítt inn í tilefni  
þjóðhátíðardagsins!



MENNINGARMIETEG  
DINGSEYINGA  
1. júní - 15. ágúst  
Opn alla daga 11-17

# HÆ, HÓ, JIBBÍ, JEI!!!

Opn er á öllum starfsstöðvum okkar á 17. júní

**ENGIN AÐGANGSEYRIR OG HEITT Á KÖNNUNNI!**





## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

**Ath ! Verðskrá hækkar nú þann 1. júní 2023  
í takti við verðhækkanir á aðföngum tengdum framleiðslu  
Hlaupastelpunnar.**

### **Verðskrá:**

**Hálfsíðuauglýsing** kr. 4.600.- m.vsk

**heilsíðuauglýsing** kr. 6.620.- m.vsk.


Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunarnar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



## **Fjölskylduhátíð í Fosselsskógi 24. júní á 80 ára afmæli Skógræktarfélags Suður Þingeyinga**

Safnast saman í Kvennabrekku kl: 14.00.

Ávarp formanns skógræktarfélagsins. Hátíðaræða Þrastar Eysteinsonar skógræktarstjóra. Dúó Stemma syngur af gleði, kveður og spilar á allt sem hljómar. Ketilkaffi, lummur, skúffukaka og safi fyrir börnin.

Harmonikkann dunar. Gestir ganga í skóginn og skoða þininn.

Smá þraut fyrir börnin og þau fá trjáplöntu með sér heim.

Fosselsskógur er náttúruperla í Þingeyjarsveit, sunnan við bæinn Vað, austan megin Skjálfandafljóts, á leið frá Kinn yfir í Aðaldal (afleggjari til suðurs við brúarsporðinn).





## Þingeyjarsveit

Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023  
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum 25. maí s.l. að skipulagslýsing begna breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 skyldi auglýst í samræmi við l. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að frístundabyggð er breytt í íbúðabyggð, 6 frístundahúsalóðir verða að 8 íbúðarhúslóðum og heimilt byggingarmagn aukið úr 120 fm í 250 fm. Skipulagslýsingu er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins undir skipulagsmál.

Athugasemdum skal skila í tölvupósti á [atli@thingeyjarsveit.is](mailto:atli@thingeyjarsveit.is) eða skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins að Kjarna, 650 Laugar. Frestur til að gera athugaemdir er til 16. júní n.k.





# Húsbóndi Framhaldsskólans á Laugum

Laust er til umsóknar starf húsbónda á heimavist við Framhaldsskólann á Laugum. Um sirka 45% starf er að ræða frá skólasetningu og út maí ár hvert.

## Hæfnikröfur

- Sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Þjónustulipurð
- Lipurð í samskiptum
- Vilji og geta til að takast á við margvísleg verkefni, þróunarvinnu og framsækni í skólastarfi

## Hlutverk og ábyrgð

- er nemendum innan handar með það sem upp kann að koma
- aðstoðar við félagsstarf nemenda á kvöldin
- sér um kvöldhressingu nemenda
- hefur umsjón með heimavistum á starfstíma sínum og gætir þess að farið sé að reglum
- hefur eftirlit með öllu húsnæði skólans á starfstíma sínum, að þar sé allt eins og vera ber
- annast önnur verkefni sem honum eru falin og samkomulag er um
- ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samviskusamlega og innan settra tímamarka

## Frekari upplýsingar um starfið

Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um náms- og starfsferil ásamt afriti af prófskrírteinum sem og sakavottorð. Kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar er æskilegt. Ráðið er í stöðuna frá 27. ágúst 2023. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Allt fólk er hvatt til þess að sækja um starfið. Umsóknir gilda í 6 mánuði eftir að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2023. Sigurbjörn Árni Arngrímsson, skólameistari, veitir allar frekari upplýsingar um starfið, sarngrim@laugar.is, 464-6301.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson  
Skólameistari  
Framhaldsskólans á Laugum





# Íþróttæfingar á Laugavelli sumarið 2023

Við bjóðum ykkur velkomin að taka þátt í íþróttæfingum á Laugavelli í sumar:

## Íþróttir og leikir

### 9/10 ára og yngri

Þriðjudagar 18:00-19:00

Fimmtudagar 18:00-19:00

4 vikur: Frá 13. júní – 9. júlí  
Stefnum á sumarleika HSP 8.-9. júlí

**Verð 1/1 námskeið 6.000**

Vonandi náum við öðru námskeiði í ágúst

## Frjálsíþróttir

### 10 ára og eldri

Þriðjudagar 18:00-19:30

Fimmtudagar 18:00-19:30

10 vikur: Frá 13. júní – 20. ágúst

Frjálsíþróttamót í sumar:

MÍ 11-14 ára 23.-25. júní á Selfossi

**8.-9. júlí Sumarleikar HSP á Laugum**

4.-6. ágúst = Unglingalandsmót UMFÍ Sauðárkrókur

12. ágúst = Bikarkeppnir FRÍ 15 ára og yngri Reykjavík

18.-19. ágúst = Akureyrarmót UFA Akureyri

26.-27. ágúst = MÍ í fjölþraut og mastersflokkum Akureyri

**Verð 1/1 námskeið 20.000**

Umsjón með æfingunum hafa Gunnhildur  
Hinnriksdóttir og Asta Mjargrét Rögnvaldsdóttir

Skráning og greiðsla á [www.sportabler.com/shop/hsth/efling](http://www.sportabler.com/shop/hsth/efling)

[umfefling@gmail.com](mailto:umfefling@gmail.com)

[www.facebook.com/umf.efling](https://www.facebook.com/umf.efling)